

1. Stjórnarkjör

1.1. Stjórn Landeyjar ehf. er kjörin árlega á aðalfundi. Fjöldi stjórnarmanna skal vera í samræmi við 15. gr. samþykktu Landeyjar.

2. Boðun stjórnarfunda og ályktunarhæfi

2.1. Formaður kveður stjórnina til fundar og stýrir þeim. Formanni er skylt að boða til fundar ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri óskar þess.

2.2. Vísað er til ákvæða í samþykktum um boðun stjórnarfunda.

2.3. Leitast skal við að starfsáætlun og reglulegir fundir stjórnar verði ákveðnir til eins árs í senn. Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þörf þykir.

2.4. Fundargögn skulu að jafnaði send stjórnarmönnum minnst tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Ef mál er lagt fram til samþykktar skal tillaga um ákvörðun stjórnar skýrt sett fram.

2.5. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluta stjórnarmanna er mættur. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning af þeim fjölda stjórnarmanna sem samþykktir segja til um. Meiriháttar ákvörðun skal þó eigi taka nema að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um ákvörðunina, sé þess nokkur kostur.

3. Fundargerðir

3.1. Formaður stjórnar ber ábyrgð á að gerðarbók sé færð. Honum er heimilt að fela starfsmanni félagsins eða ráðgjafa ritun fundargerða. Fundargerð er rituð svo fljótt sem kostur er eftir að fundi lýkur og send stjórnarmönnum. Endanleg fundargerð skal liggja fyrir til samþykktar í upphafi næsta stjórnarfundar. Stjórnarmenn sem sitja fund auk framkvæmdastjóra skulu undirrita fundargerð.

4. Ýmsar skyldur

4.1. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnarinnar. Hann getur þó falið það öðrum stjórnarmönnum að einhverju eða öllu leyti.

4.2. Formaður stjórnar ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum hætti.

4.3. Ef formaður forfallast tekur annar stjórnarmaður við störfum hans.

4.4. Stjórnarmenn skulu kynna sér ákvæði laga sem um rekstur félagsins gilda s.s. laga um einkahlutafélög, laga um samkeppni og reglur sem settar eru á grundvelli þessara laga sem geta varðað rekstur Landeyjar.

5. Vanhæfisástæður og hagsmunatengsl

5.1. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti fyrirtækja í þeirra eigu að hluta eða öllu leyti. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar þá sjálfa, fyrirtæki sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í eða aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega. Sama gildir



enn fremur um mál er varða hugsanlega samkeppnisaðila stjórnarmanns eða aðila þeim tengdum með þeim hætti sem í þessu ákvæði getur. Þegar stjórnarmaður tekur sæti í stjórn Landeyjar skal hann gera grein fyrir þeim aðilum sem hann tengist með þeim hætti sem um getur í þessu ákvæði.

- 5.2. Teljist stjórnarmaður vanhæfur vegna atvika sem um getur í gr. 5.1. skal hann ekki fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu þess máls. Ennfremur skal hann víkja af fundi við umræður og afgreiðslu málsins. Stjórnarmaður sem telur hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Stjórn sker svo úr um hvort um vanhæfi sé að ræða. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur jafnframt lagt fram tillögu um vanhæfi stjórnarmanns.

6. Almenn þagnarskylda o.fl.

- 6.1. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar innri málefni félagsins og telst til viðkvæmra upplýsinga eða viðskiptaleyndarmála, viðskiptahugmynda eða því um líkra atriða. Sama gildir um hvers konar áform eða aðra hagi þeirra sem skipta við félögin, svo og um önnur atriði sem stjórnarmenn fá vitneskju um í stöfum sínum fyrir félagið og leynt á að fara með samkvæmt eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af stjórnarstarfi. Stjórnarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu né í þágu annarra aðila utan félagsins vitneskju eða hugmyndir, sem þeir fá aðgang að í störfum sínum fyrir félagið. Gildir það bæði um upplýsingar sem unnar hafa verið af hálfu félagsins sjálfs og hvers konar utanaðkomandi upplýsinga.
- 6.2. Ef stjórnarmaður brýtur þagnarskyldu eða rýfur að öðru leyti trúnað sem honum er sýndur skal formaður boða til hluthafafundar sem ákveður hvort kjósa skuli nýjan stjórnarmann.

7. Framkvæmdastjóri

- 7.1. Stjórn Landeyjar ræður framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins. Stjórn getur einnig falið sjóðstjóra SRL slhf. að fara með framkvæmdastjórn félagsins.
- 7.2. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri Landeyjar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum þess sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum eða ákvörðun stjórnar. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild stjórnar nema ekki sé unnt að biða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum atriðum samkvæmt lögum, reglugerðum, tilmælum eftirlitsaðila, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnar.
- 7.3. Á stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri gera grein fyrir helstu atriðum í starfsemi Landeyjar á milli funda. Stjórnin getur kallað eftir sérstökum skýrslum um reksturinn telji hún ástæðu til.
- 7.4. Framkvæmdastjóra er heimilt að senda stjórnarmönnum tölvupóst um verkefni sem þarfnast ákvörðunartöku stjórnar, til samþykktar eða synjunar, á milli stjórnarfunda. Samþykki meirihluta stjórnarmanna þarf til samþykktar verkefnis. Ef verkefni er samþykkt skal þess getið á næsta stjórnarfundum og færð í fundargerð.

8. Verkefni stjórnar

- 8.1. Stjórnin hefur umsjón með að starfsemi Landeyjar sé í samræmi við lög, reglugerðir, fyrirmæli eftirlitsaðila og samþykktir félagsins. Stjórnin skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri Landeyjar og annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 8.2. Stjórnin mótar almenna stefnu Landeyjar og sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 8.3. Stjórn skal sjá til þess að endurskoðaður ársreikningur og ársskýrsla stjórnar liggi fyrir á tilsettum tíma.
- 8.4. Stjórn undirbýr dagskrá og tillögur og boðar til aðalfundar og annarra hluthafafunda Landeyjar.
- 8.5. Stjórnin annast ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar og taka þær meðal annars til eftirfarandi ráðstafana:
 - 8.5.1. að taka ákvarðanir um lántökur Landeyjar, ávöxtun á lausu fé og áhættustýringu.
 - 8.5.2. að taka ákvörðun um kaup, sölu, veðsetningu eða leigu á fasteignum og lausafé Landeyjar.
 - 8.5.3. að taka ákvörðun um kaup eða sölu hlutabréfa og annarra eigna félagsins.

9. Staðfesting starfsreglna, breytingar o.fl.

- 9.1. Starfsreglur stjórnar skulu teknar fyrir á stjórnarfundi og gerðar á þeim þær breytingar sem stjórnin ákveður. Stjórnarmenn skulu staðfesta þær starfsreglur, sem stjórnin setur sér með undirritun sinni. Allir stjórnarmenn skulu fá eintak af starfsreglum er þeir taka sæti í stjórn félagsins. Þeim skal jafnframt afhent eintök af samþykktum félagsins.
- 9.2. Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihlutar stjórnar.

Þannig samþykkt í Reykjavík 15.10.2018

Yigunna Ó. Vilh
Guðmundur P. Guðmundsson
Anna Guðmundsdóttir